

Nd.

379. Frumvarp til laga

[216. mál]

um breytingu á ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. greinar bætist svohljóðandi ákvæði:

Jarðanefnd getur einnig undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð ef jörðin er vel fallin til útivistar og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í janúarmánuði 1981 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd manna til að endurskoða ábúðar- og jarðalög „með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaga.“

Nefndin fékk við störf sín upplýsingar um, að stéttarfélög, sem eiga jarðir eða stefna að því að eignast jarðir til að gefa félagsmönnum þar kost á orlofsdvöl, telja fyrirmæli ábúðarlaga um að jörðum skuli haldið í ábúð rekast mjög á hagsmuni félagssamtaka við að veita félagsmönnum aðgang að landi til útilífs og orlofsdvalar. Auk þess íþyngi byggingarskylda fjárhagsgetu félagssamtaka, þar sem bæði þurfi að láta fjármagn til framkvæmda ábúenda og greiða andvirði eigna hans í mannvirkjum við brottför af jörðinni.

Ábúðarlög hafa um langa tíð geymt ströng ákvæði um skyldu jarðareigenda að halda jörðum sínum í ábúð, sitji þeir jarðirnar ekki sjálfir.

Í lögum nr. 64/1976 er slakað til muna á hinum ströngu byggingarskylduákvæðum, þar sem jarðanefndum er heimilað að undanþiggja jarðareiganda byggingarskyldu á jörð sinni, ef hún er, að mati nefndarinnar, svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að nefndin telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu.

Nefndin varð sammála um að rýmka heimildir, sem jarðanefndum eru veittar, til að undanþiggja jarðareiganda byggingarskyldu, þegar stéttarfélög eiga í hlut og áforma að nota jarðirnar í þágu félagsmanna.

Um 1. gr.

Í greininni felst, að stéttarfélög í merkingu vinnulöggjafar, geta komist hjá þeirri skyldu að byggja jarðir, sem þau eiga, þegar þær losna úr ábúð, sé jörðin talin vel fallin til útilífsnota og orlofshúsabyggða og slík afnot eru áformuð.